

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995 - 2015, Álftanesvegur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. maí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingin felst í því að lega Álftanesvegur breytist og samhliða því eru gerðar tilfærslur á stígakerfi og staðsetningu undirganga. Tillagan er í samræmi við svonefnda leið D sem kynnt var í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar við lengingu Vífilsstaðavegar og lagningu Álftanesvegur. Gert er ráð fyrir mislægum gatnamótum við Engidal og Vífilsstaðavegur er færður lítillega.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. maí 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*